



47. Stúdentaráðsfundur

Fundur Stúdentaráðs

17. Janúar 2017

Háskólanum á Akureyri, stofu

Fundaritari: Logi Úlfarsson

Fundur settur: 16:19

Mættir: Helga Margrét Jóhannesdóttir, Logi Úlfarsson, Guðrún Þóra Hallgrímsdóttir, Anna Borg Friðjónsdóttir, Hrafney Svava Þorsteinsdóttir, Garðar Már Jónsson, Ketill Sigurður Jóelsson, Sandra Kristinsdóttir og Sólveig María Árnadóttir

Fjarverandi: Axel Trausti Gunnarsson

Dagskrá 47. fundar stúdentaráðs

1. **Katrín frá markaðsdeildinni kemur og kynnir ýmis mál.**
2. **Samantekt á kennsluáætlunum.**
3. **Stóra vísó - staða.**
4. **Árshátíð - video.**
5. **Aðalfundur og stjórnarlok.**
6. **Viðburðir á næstunni.**
7. **Önnur mál.**



1. **Katrín frá markaðsdeildinni kemur og kynnir ýmis mál.**

Katrín komst ekki.

2. **Samantekt á kennsluáætlunum.**

Helga Margrét gerði grein fyrir erindi frá Gæðaráði þess efnis að taka þarf samantekt á kennsluáætlunum hjá hverri deild, þá aðallega þeim sem þarf að bæta. Stúdentaráð er beðið um að sækja þessar upplýsingar hjá sínum nemendum og koma þeim til framkvæmdarstjórnar í síðasta lagi næsta föstudag sem er 27 janúar.

3. **Stóra vísó - staða.**

Helga Margrét kemur fram upplýsingum frá Bergdísi, formanni fél og menn, og tekin er staðan á stóru vísó. 11 laus gistiþáss eins og staðan er í dag, talað um rútur, í gegnum tíðina hefur stundum þurft að bíða eftir rútum og því mæting verið sein í vísindaferðir. Annars kominn góður gangur í skipulagningu hjá undirfélögunum. Tilkynt að fsha ætlar að gefa áfengi og verður því dreift niður á félög eftir fjölda í hverju sem fara með. Beðið var um lista yfir þá sem hafa skráð sig. Aðeins rætt um sameiginlega dagskrá en hún er ekki komin á hreint. Annars engar frekari spurningar

4. **Árshátíð - video.**

Ekki alveg komið á hreint hvort hún verður haldin 11 eða 18 mars. Fél og menn biður um að reynt verði að koma videoum til skila undir lok febrúar og brýnt að fólk fari að hugsa um þetta. Enn verið að leita að stað fyrir árshátíðina en komin einhver umgjörð og fer allt á fullt fljótlega. Engar frekari spurningar.

5. **Aðalfundur og stjórnarlok.**

Aðalfundur Fsha verður haldinn fimmtudaginn 23 febrúar og stjórnir undirfélaganna verða að halda sína fundi í.þ.m. viku fyrir hann eða í síðasta lagi 16 febrúar. Lagt til að halda öll sama kvöld og hittast svo á pósthús og var ákveðið að gera það og sækja um skemmtanaleyfi. Föstudaginn 24 febrúar verður stjórnarskiptakvöld þar sem núverandi stúdentaráð ásamt því sem tekur við hittast á aurora og borða saman og hrista saman hópinn. Guðrún nefnir að það þurfi að minna gjaldkera á það að bráðlega þarf að skila ársreikningum og



stjórnin þarf einnig að skila ársskýrslu daginn eftir aðalfund. Engar frekari spurningar en allir hvattir til að hafa samband við framkvæmdastjórn ef spurningar vakna.

6. Viðburðir á næstunni.

Fólk minnt á að í janúar fer að verða síðasti séns til að halda viðburðu fyrir stjórnina

7. Laun

Eyðublöðum dreift og fólk skrifaði upplýsingar sínar svo þau getir fengið greitt.

8. Önnur mál.

Anna Sif gerði grein fyrir málefnum sem tengjast LÍS, þau Ketill fóru á fund í gær og þar var borin upp sú hugmynd að LÍS myndi ganga í LÆF landssamtök æskulýðsfélaga. Rætt var um þessa hugmynd og voru fundargestir almennt frekar neikvæðir vegna aldurstakmarks sem er 35. Ketill færði hins vegar rök fyrir því að þetta væri fyrst og fremst vettvangur fyrir LÍS til að ná til fleira fólks. Þetta verður rætt á landsþinginu í mars og þá tekin ákvörðun hvort framkvæmdastjórn LÍS megi taka svona ákvarðanir eða hvort svona verði að vera ákveðið á þingum. Ketill sagði frá fundinum að þar hefði fólk verið hrætt við að missa sérstöðu sína og sjálfstæði. Einnig að allir hefðu verið sammála um að LÍS ætti heima þarna í framtíðinni en mögulega ekki strax.

Annað mál er að Anna, Ketill og Logi hittu varaformann LÍS og hún bar upp tillögu um að við myndum bæta gæðamálum inn í þema landsþingsins í mars. Mögulegt væri að fá styrki frá Rannís og mikilvægt er að LÍS hafi sterka stefnu í gæðamálum og fékk þessi tillaga góðann hljómgrunn.

Fsha ákvað að styrkja hvert félag um 50.000 krónur núna í janúar, það fékk líka góðann hljómgrunn.

Fundi slitið kl. 17:07

Undirskrift fundargesta



Helga Margrét Jóhannesdóttir
Formaður FSHA

Logi Úlfarsson
Varaformaður FSHA

Guðrún Þóra Hallgrímsdóttir
Fjármálastjóri FSHA

Sandra Kristinsdóttir
Formaður Eirar

Hrafney Svava Þorsteinsdóttir
Ritari Kumpána

Anna Borg Friðjónsdóttir
Forseti Stafnbúa

Sólveig María Árnadóttir
Varaformaður Magister

Axel Trausti Gunnarsson - fjarverandi
Staðgengill formanns Þemis

Ketill Sigurður Jóelsson
Formaður Reka

Garðar Már Jónsson
Formaður Data